

Fundur skólaráðs 25. maí 2020

Mættir Jóhannes og Pálmi fulltrúar foreldra, Nökkvi fulltrúi nemenda, Ásta Mikk og Svanborg fulltrúar kennara, Sólveig grenndarfulltrúi, Guðmundur skólastjóri og Guðný aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð

Guðmundur talar um næsta skólaár.

Erum búin að auglýsa eftir kennurum fyrir næsta skólaár. Erum búin að manna fyrir næsta skólaár bara eftir að klára samninga.

Einnig var auglýst eftir deildastjóra yngstastigs – búið að ráða í það.

Við erum með áhyggjur af nemendafjölda í 1. bekk. Ættu að vera 43 en eru bara 23 sem eru búnir að staðfesta. Vonumst til að þau verði 30.

Eitthvað verður um að nemendum detti inn og út í öðrum árgöngum.

Kennslukvótar eiga að liggja fyrir 1. maí. Þurftum að sækja um extra kvóta fyrir erlendra nemendur og sérkennslu. Kvótinn hjá okkur hefur aukist fyrir erlendra nemendur upp í 52 tíma. Fáum 80 kennslustundir á viku í sérkennslu og fáum að auki 55 kennslustundir á viku.

Varðandi nýbúa þá kemur í ljós að mjög stór hluti þeirra fellur undir það að vera skilgreindir sem rauðir í Milli mála prófinu.

Svanborg talar um nemendur sem eru fæddir á Íslandi en ekki töluð íslenska heima. Nemandinn nær engu tungumáli vel. Oft þriðja tungumálið talað heima.

Jóhannes spyr hvort við vitum hvert nemendur sem ættu að koma í 1. bekk en eru ekki að skila sér .

Guðmundur talar um að það hafi ekki náðst í þau. Vonumst til að ná upp í 30 nemendur. Við höfum verið í vexti síðustu ár.

Ásta talar um að það sé endurnýjun í hverfinu.

Svanborg talar um að það sé fyrirsjáanlegt miða við uppbyggingu að það verði fjölgun í skólanum.

Guðmundur talar um starfsáætlun. Sýnir okkur starfsáætlun fyrir þennan vetur. Fer í gátlistann yfir það sem við eigum að skila inn til bæjarins. Margt í starfsáætlun er á hverju ári.

Guðný sagði frá hvernig staða er á valfögum fyrir næsta skólaár.

Guðmundur talar um fund foreldrafélagsins. Pálmi er að útskrifast svo væntanlega kemur nýr aðili fyrir það.

Guðmundur talar um framkvæmdir á næstunni. Það á að klæða suðurhlið skólans og skipta um glugga og gler. Síðan á að fara í þakviðgerðir ofl. Það á líka að fara í smáræði á skólalóð t.d. að laga göngustíg sem liggur frá Digranesvegi og inn á skólalóð.

Jóhannes spyr hvort að farið verði með skipulögðum hætti yfir skólalóðina.

Guðmundur talar um að þeir sem sjái um skólalóðir bæjarins sjái um að fara eftir tímaramma á verkefnum.

Svanborg spyr um tvær aukastofur sem við áttum að fá áhyggjur sínar á sérkennslurými fyrir unglingastig. Guðmundur talar um að við fáum ekki aukastofur og það sé búið að taka út sérkennslustofuna og hún sé í lagi.

Sólveig spyr um hjólastæði hvort hægt sé að fjölga þeim og hvort hægt sé að sækja um að fjölga þeim. Og hvort að glerin sem verða sett í súðurhliðina verði með hitavörn/sólavörn.

Guðmundur talar um að það sé mikilvægt að nýta sér verkefni Kópavogsbæjar Okkar Kópavogur til að fá ýmsar bætur fyrir skólalóðina.

Sólveig.

Spurt er um hvort að myndavélarnar nái á hjólagrindurnar.

Guðmundur talar um að þær geri það ekki en við eigum að fá nýjar vélar á þessu ári og að þær eigi að ná á hjólagrindur.

Pálmi talar um að gott sé að hafa skilti

Skólaárið 2019 – 2020 – Guðmundur fjallar um.

Ferð starfsmanna til Póllands. Bæði fróðleg og skemmtileg ferð.

Menntabúðir í Kópavogi

Þróunarverkefni sem við erum að vinna. 3 stafir og samvinnuverkefni eru að klárast nú í vor

Fjölgreindarleikarnir

Alþjóðadagurinn

Haustið í heild var hefðbundið. Vorönn hefur verið mjög frábrugðin. Skólinn lokar 6. mars og nemendur fengu skerta kennslu. Í heildina var þetta tímabil í 2 mánuði. Hefðbundin kennsla hófs aftur 11 maí.

Það sem stendur upp úr í þessu ástandi eru viðbrögð kennara og hve flottir þeir voru að hoppa á fjarkennslu. Stórkostlegt hvað þetta gekk vel.

Ásta Mik. talar um að þetta hafi verið lengri vinnudagur það sem krakkarnir voru að hafa samband kl 19 og kennarar svöruðu því og hvað foreldrar voru flottir að styðja börnin sín.

Svanborg talar um óöryggi nemenda um hvernig þetta færi allt saman og þá sérstaklega nemendur í 10. bekk sem voru óöruggir með framhaldið. Svanborg talar um að það hafi komið henni á óvart hvað það voru í raun margir sem sinntu ekki náminu nægilega vel. Sumir nemendur náðu að halda dampi. Svanborg talar líka um hvað foreldrar voru flottir að styðja við börnin sín.

Nökkvi talar um óvissuna sem fylgdi þessu, verður árhátíð, útskrift, hvernig verður námsmatið, ef ég væri í 8. Bekk þá hefði ég ekki lært svona mikið.

Foreldrar.

Sólveig fannst þetta lítið mál í 7. bekk allt á hreinu vikuáætlun flott. Vera með yngri nemendur þar sem hún þurfti að sinna vinnu sinni og að kenna börnunum sínu í leiðinni. Þau hjónin völdu fög til að leggja áherslu á. Vantaði skipulag/áætlun hjá yngri nemendum til að vita hvað ætti að gera. Yngri börnin upplifðu einmannaleika.

Jóhannes talar um að það vantaði skipulag hvar námsáætlun birtist þar að vera betra skipulag. Mentor, facebook, classroom, og fleiri stöðum.

Pálmi er búin að tala við Kristinn um þetta og fékk einhvern aðgang en er ekki með aðgang að verkefnum.

Ásta talar um að mentor er með takmarkanir varðandi stafafjölda.

Guðmundur talar um skólaslit – erum að vinni í því hvað hægt er að gera. Erum að spá í því hvort þetta verði úti, í sal, eða í sal skólans. Eini óvissu þátturinn er foreldrahlutinn,

Nökkvi spyr hvort að það sé ekki sniðugt að streyma athöfninni.

Guðmundur segir frá ljósmyndatöku 10. bekkjar sem er á föstudaginn.

Varðandi fermingar þá eru 6 nemendur að fermast sem eru í þessum skóla.

Guðmundur talar um að við eigum eftir að taka sama skýrslu um upplifun nemenda og starfsmanna af verkfalli og Covid.

Jóhannes spyr hvernig kennarar séu græjaðir fyrir fjarkennslu.

Allir kennarar eru með íþáða og einhverjir eru líka með fjartölvu.

Guðmundur talar um að fyrir nokkrum árum fengu kennarar að velja hvort þeir vildu fartölvu og borðtölvu.

Við erum að upplifa gríðarlega þróun í kennslu. Þurfum að halda þessu við.

Sólveig spyr hvernig kennarar séu að upplifa nemendur þegar þeir eru að koma til baka.

Svanborg talar um að 10. bekkur hafi staðið sig vel en 8. og 9. bekkur hafi misst dampinn.

Ásta hafði verulegar áhyggjur af tvítýngdu nemendum. Hún þurfti að hafa meira fyrir því að ná sambandi við þá nemendur. Svólítið erfitt að ná nemendum í gang þegar þau komu til baka.

Ásta talar um að skólinn stýrði hverjir það vorum sem voru að hittast í skólanum.

Pálmi talar um að hann hafi verið hér í 6 ár og þakkar fyrir samstarfið á þessum árum.

Guðmundur þakkar fyrir samstarfið í vetur.

Guðmundur slítur fundi kl. 9:05